

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra



Maí 2015//BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Umferðaróhöppum útlendinga fjólgar


Á mynd 1 má sjá fjölda umferðaróhappa þar sem erlendir ferðamenn og aðrir útlendingar sem eru staddir hér á landi í stuttan tíma*, voru aðilar að málinu. Eins og sjá má hefur fjöldi mála aukist yfir tímabilið 2010-2014, farið úr 218 slíkum málum í 401 mál. Fjöldi þessara mála að meðaltali á mánuði hefur farið úr 18 málum í yfir 30 að meðaltali árin 2014 og það sem af er ári 2015, sem jafngildir um 70-80% fjölgun.

Mesti ferðamannastraumurinn er á sumrin og því má ætla að meðaltal á mánuði muni hækka fyrir árið 2015 þegar það verður tekið út í lok árs.


Fjöldi allra umferðaróhappa, þ.e. Íslendinga og útlendinga, þar sem lögregla er kölluð til, er það sem af er ári að meðaltali 456 óhöpp á mánuði, eða um 15 óhöpp á dag.

*Aðilar staddir hér á landi í stuttan tíma fá bráðabirgðakennitölu þegar þeir eru skráðir vegna umferðaróhapps og er aðeins um þá aðila að ræða hér.


Fjöldi allra umferðaróhappa að meðaltali á mánuði




Umferðaróhöpp útlendinga



Mynd 1. Fjöldi umferðaróhappa útlendinga 2010 til og með 26.05.2015




Mynd A. Fjöldi hegningarlagabrota og auðgunarbrot síðustu 13 mánuði.




Mynd B. Fjöldi umferðarlagabrota og hraðakstursbrota síðustu 13 mánuði.

Tímabilið júní til og með maí



Mynd C. Fjöldi innbrota, líkamsmeiðinga og eignaspjalla síðustu 12 mánuði og yfir sama tímabil síðustu tvö ár.



Mynd D. Hlutfall kynjanna í þjófnum síðustu 12 mánuði.